

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 195/2016

2018/EES/19/32

frá 23. september 2016

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/611 frá 15. apríl 2016 um tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir ferðaþjónustugeirann samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsta aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1eaf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/801 í XX. viðauka við EES-samninginn:

„leag. **32016 D 0611**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/611 frá 15. apríl 2016 um tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir ferðaþjónustugeirann samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsta aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjútíð. ESB L 104, 20.4.2016, bls. 27).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) nr. 2016/611, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 104, 20.4.2016, bls. 27.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.